

LISTIR



Morgunblaðið/Ásdís

Andartakið og elfur tímans eftir Derek Mundell.

Leikandi léttir pensildrættir

MYNDLIST

Gallerí Reykjavík

YRKISFÖNG VATNSLITAMYNDIR DEREKS MUNDELLS

Sýningunni lýkur 31. mars. Opnartími virka daga frá 13-18 og laugardaga 10-16.

GALLERÍ Reykjavík hýsir þessa dagana fyrstu einkasýningu Englandsins Dereks Charles Mundells. Mundell sem búið hefur á Íslandi frá því í upphafi áttunda áratugarins hefur lengi vel stundað teikningu og málun í frístundum sínum, en sl. 15 ár hefur áhugi þó einna mest beinst að vatnslitamyndum.

Það er því úrval vatnslitamynda frá árunum 1994-2001 sem Mundell býður sýningargestum upp á í Gallerí Reykjavík og er þar að finna íslenskt landslag, kyrralífsmyndir og nektarstúdíur. Landslagsverkin eru flest frá fyrri hluta þessa tímabils og má þar sjá Kópavogskirkju, Siglufjörð, hús í Árbæjarsafni og Höfða, en verk Mundells eru öll figúratíf.

Siglufjörður síða vetrar sýnir þannig auðþekkanlega húsabyrpingu bæjarins hvíla undir fjallgarði á hafnarbakkanum og er hverju smáatriði sýnd tilhlýðileg virðing. Stórir, hreinir litafletir í grænum, bláum og fjóluleitum tönum eru hins vegar ráðandi í Höfða.

Landslagsverkin bera það nokkuð með sér að Mundell sé hér að kynna miðli sínum, færni hans með pensilinn er umtalsverð en svo virðist sem listamaðurinn hafi ekki enn fundið sinn eigin stíl. Smámyndirnar í lystigarði og

Öskjuhlíð eru þó engu að síður skemmtileg nálgun við landslagið og virkar íslenska náttúran hér framandi í augum heimamanna.

Mundell sýnir einnig kyrralífsmyndir í Gallerí Reykjavík, en íslenskir listamenn hafa sýnt þeirri gerð mynda lítinn áhuga og þær því velkominn viðbót við íslenska myndlistarflóru. Mundell er þó við gerð þeirra enn nokkuð að fikra sig áfram og sithvað skortir á að kyrralífsmyndirnar nái að halda athygli sýningargesta. Við gerð verkanna Erica og ávextir og Höfði sumardags tekst Mundell þó vel til. Pensilfölin eru hér létt og leikandi og nær hvor mynd að verða heill heimur út af fyrir sig.

Það eru hins vegar nektarstúdíurnar sem sýna bestu hlíðar Mundells. Verkin sem flest voru gerð á sl. tveimur árum bera með sér að hér hefur listamaðurinn náð að skapa sér sinn eigin stíl, er einkennist jafnt af ákveðinni viðkvæmni sem og léttleika. Litanoftun er stillt í hóf og hvítur pappírslöturinn fær hér víða að eiga hlut í gerð verksins. Léttar pensilstrokur móta útlínur kvenlíkama í stórum dráttum og hvítur flöturinn fyllir inn í það sem upp á vantar.

Verkin Hádegi lífsins og Andartakið og elfur tímans eru góð dæmi um þetta, en hið síðarnefnda virðist einnig vera undir austurlenskum áhrifum, líkt og gjarnan mátti sjá í verkum evrópskra listamanna á síðari hluta 19.aldar. Í verkunum Byrði konunnar og Upphaf og endir verða pensildrættir Mundells síðan enn léttari, litanoftun minni og bera myndirnar því vitni að listamaðurinn hafi hér fundið sína nálgun við efniviðinn.

Anna Sigríður Einarsdóttir

Spegill, spegill, herm þú hver ...

MYNDLIST

Gallerí MAN,
Skólavörðustíg
KERAMIK & BLÖNDUÐ
TÆKNI
JÓNA THORS

Sýningin stendur til 11. apríl.

SÝNING Jónu Thors er merkileg fyrir margra hluta sakir. Hér er á ferðinni allvafasöm list, sem ef til vill fengi ekki háa dóma hjá þeim gagnrýnendum sem hafna smekkleysunni – Kitsch – sem ófrjóu tjáningarformi.

Hvað hefði Clement heitinn Greenberg til dæmis sagt? Hefði hann samsinnt að þetta væri list? Aðferðir Jónu vega vissulega salt á mörkum listar og skrauts. Við fyrstu sýn mætti ætla að hún hefði orðið fyrir djúpum áhrifum frá skrautmunahorninu á Blómaverkstæði Binna neðar í götunni. En þegar betur er að gætt kemur ýmislegt óvænt í ljós sem er speglaverkum Jónu til órækra tekna.

Speglunin sjálf skiptir hér miklu máli. Sá hluti verkanna sem er laus við íhlutun veitir sýningunni það vægi sem ekki liggur í augum uppi en kemur í ljós þegar dvalið er um stund í salnum. Þá fara speglarnir



Morgunblaðið/Halldór B. Runólfsson

Eitt af verkum Jónu Thors í Gallerí MAN.

nefniliga að endurvarpa kerjunum sem standa við hvern spegil í salnum auk fólksins sem gengur um salinn.

Verkið sem ber af öðrum á sýningu Jónu, eða gefur besta mynd af því sem telja verður list hennar til tekna, er lágrétt spegilborð eða bekkur. Í þessu verki virkar speglunin með mun óvæntari og frjórri hætti en í hinum speglunum. Það stafar ef til vill af því að lágrétt og lág staða spegilsins birtir okkur allt aðra mynd af umhverfinu en venjulegir lóðréttir speglar.

En hitt er jafnframt staðreynd að einmitt þetta spegilverk er betur úr garði gert en lóðréttu speglarnir.

Hér virðist Jóna leyfa sér frjálssari vinnubrögð og meiri íhugun en í öðrum verkum sínum.

Ekkert gefur þó beinlínis til kynna að listakonan ætli sér meira en efnistanda til. Það gæti valdið okkur áhyggjum sem leggjum svo ríka áherslu á að listamaðni geri upp við sig hvorum megin þeir vilji standa; óháðir, sjálfum sér samkvæmir og frjálssir, eða; vinsælir, velmegandi og markaðsvænir. Það breytir því þó ekki að sem hrein fyrirbæri, burtséð frá listamanninum, er fullt af skapandi gildum í skuggsjám Jónu Thors.

Halldór Björn Runólfsson

Hinn grái litur Odds Nerdrum

UNDIRBÚNINGUR fyrir málverkasýningu hins umdeilda norska listmálara Odds Nerdrum stendur nú sem hæst í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum, en hún verður opnuð laugardaginn 7. apríl.

„Sýningin verður í vestursal Kjarvalsstaða en hluti af undirbúningnum felst í því að myrka salinn með því að mála veggina með dökkgrári málningu. Odd Nerdrum leggur ríka áherslu á hið dramatíska umhverfi verka sinna en með samspili þess og beinnar lýsingar dregur hann skýrt fram áhrifamátt málverka sinna,“ segir Soffía Karlsdóttir kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Vestursalur Kjarvalsstaða hef-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Undirbúningur í vestursal Kjarvalsstaða er í fullum gangi vegna fyrirhugaðrar sýningar norska myndlistarmannsins Odds Nerdrum.

ur verð hvítmálaður í rúman áratug en það er málningafyrirtækið Harpa sem leggur Listasafni Reykjavíkur lið með því að gefa hinn einkennandi gráa lit Odd Nerdrum og sömuleiðis hvíta málningu eftir að sýningunni lýk-

ur 27. maí. Odd Nerdrum er væntanlegur hingað til lands 4. apríl og ríkir, að sögn Soffíu, mikil eftirvænting vegna komu hans og verka hans enda í fyrsta skipti sem málari sýnir verk sín hér á landi.

Sylvie Brunet, Hulda Björk Garðarsdóttir, Mario Malagnini, Christopher Robertson, Ingvaldur Ýr Jónsdóttir o.fl.
Hljómsveitarstjóri: Rico Saccani. Kórstjóri: Garðar Cortes. Kór Íslensku óperunnar
Miðaverð 3.500 kr. – númeruð sæti.

Miðasala kl. 9-17 virka daga
Háskólabíó v/Hagatorg
Sími 545 2500
www.sinfonia.is



SINFÓNÍAN

LEXUS



SKJAREINN

Í kvöld örfá sæti laus
Á morgun – laus sæti
Miðasala í síma 545 2500

LAUGARDALSHÖLL | 30. & 31. MARS

Carmen